

Tillaga aðalstjórnar að reglugerð varðandi fjárhagsreglur félagsins

Reglugerð um fjárhagsreglur ÍBV íþróttafélags, sbr. 7. gr. laga félagsins.

1. Framkvæmdastjóri er einn með prókúru fyrir félagið og getur einn skuldbundið félagið fyrir hærri fjárhæðir en 1% af veltu deilda í ársreikningi fyrra árs.
2. Framkvæmdastjóri verður að samþykka með undirritun alla samninga sem félagið gerir og eru til lengri tíma en þriggja mánaða.
3. Framkvæmdastjóri vinnur náið með aðalstjórn og fjárhagsnefnd.
4. Í lok keppnistímabils hverrar deildar skal skila fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar fyrir komandi tímabil.
5. Við gerð fjárhagsáætlana deilda félagsins er óheimilt að hækka tekjuhlíð umfram 5% frá rauntekjum síðasta reikingsárs, nema að leggja fram staðfest gögn um hækkun.
6. Þegar deildir, ráð og nefndir eru að gera samninga þurfa þeir að rúmast innan fjárhagsáætlunar og fá samþykki framkvæmdastjóra. Ef forsendur breytast vegna óviðráðanlegra orsaka þá er hægt að gera samninga utan áætlunar en þó einungis með því að sýna fram á fjarmögnun þeirra með sannanlegum hætti og í kjölfarið uppfæra fjárhagsáætlun.
7. Ef félagið er að gera aðra samninga en launasamninga þá þarf samþykki aðalstjórnar og fjárhagsnefndar ef samningurinn er hærri en 3 milljónir.
8. Fjárhagsárinu er skipt upp í fjóra hluta og þurfa deildir að leggja fram áætlun um í hvaða hluta tekjurnar munu skila sér til félagsins. Markmiðið skal vera að koma sem mestu af tekjum ársins inn á svipuðum tíma og gjöldin verða greidd skv. áætluninni. Ef deildirnar standast ekki þetta skilyrði í reglunum hefur framkvæmdastjóri heimild til þess að bíða með launagreiðslur deildanna þar til þær hafa uppfyllt áætlunina.
9. Breytingar á reglugerð þessari þurfa samþykki 2/3 hluta á aðalfundi félagsins.